

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru, fyrir árið 1991.

Rekstrarreikningur.

	Gjöld:	Tekjur:
Vextir af sparisjóðsbók 12445		2 291,11
Vextir af kjörbók 260286		5 641,03
Tekjuafgangur	7 932,14	
	<hr/>	<hr/>
Kr.	7 932,14	7 932,14

Efnahagsreikningur 31. des.

	Eignir	Skuldir
Höfuðstóll		10 000,00
Tekjuafgangur frá fyrri árum kr. 74 200,05		
Tekjuafgangur 1991 kr. 7 932,14		82 132,19
Innstæða í sparisjóðsbók 12445	46 874,81	
Innstæða í kjörbók 270286	45 257,38	
	<hr/>	<hr/>
Kr.	92 132,19	92 132,19

Selfossi, 14. febrúar 1991.
F.h. Kvenfélags Selfoss,
Guðrún Bárðardóttir.

13. apríl 1992

Nr. 148

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðum.

1. gr.

3. gr. 19. gr. orðist svo:

Afurðir fiska sem gefið hefur verið fóður blandað sýklalyfjum eða gefið sýklalyf á annan hátt, má ekki nýta til mannelis fyrr en 40 dögum eftir að lyfjameðferð lauk, hafi vatnshiti verið yfir 8°C, en 90 dögum hafi vatnshiti verið 8°C eða lægri, nema heilbrigðisyfirvöld gefi fyrirmæli um annað. Um nýtingu afurða eftir notkun sníklalyfja skal hlíta fyrirmælum í sérlyfjaskrá.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 66. og 81. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 77/1981 um dýralækna og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. apríl 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.